

Mál nr. 307/2010

M og

Vátryggingarfélagið V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A

Ökumaður slasast við útafakstur bifreiðar þ. 27.5.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags.21.10.2010.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðarinnar A sem ók norður Víkurveg í Reykjavík og ók út af veginum í beygju þar sem vegurinn tengdist bráðabirgðavegi. M sem var ökumaður í umrætt sinn og farþegi í bifreiðinni kvörtuðu undan eymslum í hálsi og baki og voru fluttar með sjúkrabifreið á Slysadeild til skoðunar. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A og segir lögmaður hennar að allt frá slysdegi hafi M ítrekað leitað til heimilislækna vegna ýmissa einkenna vegna slyssins en auk þess varð M fyrir slysi á árinu 2005. Tilkynning var send til V þ. 22.4.2009, en hafði áður verið send öðru vátryggingafélagi vegna mistaka. Af hálfu M er því haldið fram að þrátt fyrir að hún hafi verið nánast í stanslausri lækni meðferð vegna einkenna sinna hafi henni aldrei verið gefið til kynna með óbyggjandi hætti að afleiðingar slyssins þ. 27.5.2006 væru varanlegar. Þá vísar lögmaður M til þess að M hafi aldrei verið vísað til bæklunarlæknis eða hún verið óvinnufær tímabundið.

V bendir á að M hafi fyrst tilkynnt um slysið þ. 22.4.2009 en fyrir þann tíma hafi M ítrekað leitað til lækna svo sem rakið er af hálfu V. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 þar sem M hafi ekki tilkynnt innan tímamarka um varanlegt tjón sitt vegna slyssins og telur V að miða eigi upphafsfrest ársfrestsins við þ.12.6.2006.

Álit.

Ekki verður slegið föstu að M hafi mátt gera sér grein fyrir að slysið þ. 27.5.2006 mundi eða gæti haft varanlegt líkamstjón í för með sér ári eða meira en ári áður en tilkynning barst V sbr. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, miðað við að tilkynning barst til V þ. 22.4.2009. M á því rétt á bótum vegna sannanlegs tjóns sem hún varð fyrir vegna umferðaróhappsins þ. 27.5.2006.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna sannanlegs tjóns sem hún varð fyrir við útafasktur bifreiðar þ. 27.5.2006.

Reykjavík 16.11. 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.